

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag vegna Vaðlaheiðarganga og vinnubúða í Fnjóskadal.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 27. febrúar 2014 deiliskipulag vegna Vaðlaheiðarganga og vinnubúða í Fnjóskadal.

Skipulagsmörk eru dregin utan um áætlað framkvæmdasvæði þ.e. það svæði sem vega- og gangagerð mun raska ásamt athafnasvæði og aðstöðumannvirkjum á framkvæmdatíma. Stærð svæðis er um 18,2 ha. Um er að ræða tímabundna framkvæmd og skipulagið er unnið á grundvelli aðal- skipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Laugum, 19. mars 2014.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2014